



Skóla- og frístundaráð

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skráningu á ofbeldisbrotum

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 11. maí s.l., var lögð fram að nýju meðfylgjandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skráningu á ofbeldisbrotum, sbr. 5. lið fundargerðar mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs sama dag.

Tillögunni var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Góðar upplýsingar leggja grunn að markvissum aðgerðum og skilvirkri vinnu að bæta þjónustu. Þess vegna styður Flokkur fólksins tillögur sem beinast að öflun upplýsinga, til þess að leggja megi fram virkt aðgerðarplan. Að safna upplýsingum og setja þær ofan í skúffu gagnast engum. Sú tillaga sem hér er lögð fram sem er að skrá og kortleggja ofbeldisbrot af hendi nemenda gagnvart kennurum og öðru starfsfólki í grunnskólum Reykjavíkurborgar er góð að því leyti að upplýsingar sem þessar hefur aldrei verið safnað saman á einn stað. Það er ekki til neinn miðlægur grunnur þar sem hægt er að fylgjast með fjölda tilvika og þróun. Flokkur fólksins hefur ítrekað reynt að ýta við mannréttinda og ofbeldisvarnaráði að beita sér fyrir að skoðað verði hvaða ástæður liggja fyrir auknum vopnaburði ungmenna í Reykjavík með það að markmiði að koma með mótvægisáðgerðir. Lagt var til að stofna stýrihóp sem legðist yfir þessa alvarlegu þróun. Ekkert er að fréttu að tillögunni. Dæmi eru um að allt niður í 10 ára börn komi með hnífa í skólann og beiti þeim jafnvel. Hvergi er hægt að sjá á einum stað hversu mörg þessi tilfelli eru eða hvernig þróun þeirra er háttað.

Virðingarfyllst,
Elísabet Pétursdóttir
Miðlæg stjórnarsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa



TILLAGA

Fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs 27. apríl 2023: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks leggur til skráningu og kortlagningu á ofbeldisbrotum af hendi nemenda gagnvart kennurum og öðru starfsfólki í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Gert með það að markmiði að greina umfang vandans svo hægt sé að setja fram skýra heildar aðgerðaráætlun innan allra skóla borgarinnar.

Greinagerð:

Grunnskólum er í dag skylt að skrá allt það ofbeldi sem kennarar og annað starfsfólk grunnskóla verða fyrir. Reykjavíkurborg hefur þó enga samhæfða ferla sem snúa að skráningu atvika svo hægt sé að taka saman upplýsingar. Ljóst er að skólar sinna þessu með misjöfnum hætti sem gerir þá hvers kyns samanburð á milli skóla og tíma ómögulegan. Þessi skortur leiðir svo til þess að miðlægri stjórnsýslu borgarinnar er ómögulegt að sjá fyrir fjölda mála, alvarleika þeirra og síður í stakk búin að tryggja starfsfólki sínu viðeigandi stuðning í kjölfar ofbeldisbrota.

Í ljósi alvarlegra ofbeldismála, að því er virðist aukinnar tíðni þeirra í samfélaginu og þeirrar skyldu Reykjavíkurborgar að tryggja starfsfólki sínu öryggi á vinnustað er ámælisvert að Reykjavíkurborg hafi hingað til látið undir höfuð leggjast að halda í þessa vinnu. Er það því eðlileg krafa að Reykjavíkurborg, sem einn stærsti vinnuveitandi landsins, samhæfi skrásetningar ofbeldisatvika innan veggja skóla sinna þannig að upplýsingarnar sem þaðan berast verði nothæfar í vinnu sem miðar að forvörnum og eftirfylgni ofbeldismála.

Þjónustufyrirtæki í atvinnulífinu hafa all flest þegar hafið sambærilega kortlagningu atvika í sinni starfsemi og mætti t.a.m. líta til banka og matvöruverslana í þeim efnum. Einnig er vert að nefna vinnu Kennarasambands Íslands um áreitni, ofbeldi og hótanir. Þar má til dæmis finna áhættumat sem og drög að viðbragðsáætlun og leiðbeiningar um atvikaskráningu. Loks er nauðsynlegt að nefna sálræna skyndihjálp sem og tillögur að forvörnum sem unnar hafa verið af KÍ.

Borgin skuldar starfsmönnum sínum að taka þennan málaflokk fastari tökum, að gera það með trúverðugum hætti og til frambúðar. Varanleg og samhæfð skráningarskylda á tilfellum ofbeldis gagnvart starfsfólki sínu, alvarleika slíkra tilfella og aðgerðaráætlun um eftirfylgni af hálfu borgarinnar er skref í þá átt.

Grunnskólar Reykjavíkurborgar eiga að vera öruggir vinnustaðir og starfsfólk á að finna að tekið sé á ofbeldismálum gagnvart þeim af festu og öryggi og þeim veitt viðeigandi hjálpar bæði við minni sem og alvarlegri atvik. Hvort sem um er að ræða líkamlegt eða andlegt ofbeldi.